

Skorradalshreppur  
Árni Þór Helgason  
Hvanneyrargötu 3  
311 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080400028/ksj

### **Varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi, svæðisskipulagi og deiliskipulagi á spildu í landi Dagverðarness í Skorradal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skorradalshrepps er barst þann 8. júlí sl. þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar varðandi skógræktarsvæði í landi Dagverðarness í Skorradalshreppi, en tillaga er um að taka svæðið undir frístundabyggð. Í staðfestu aðalskipulagi sem nær yfir Dagverðarnes í Skorradal er skógræktarsvæðið sem vísað er til merkt skógrækt, en það svæði er sameinað svonefndu þjónustusvæði innan svæðis nr. S8 á tillögu að breyttu aðalskipulagi og S6 á tillögu að breyttu deiliskipulagi. Umhverfisstofnun gaf umsögn um fyrirhugaða frístundabyggð með bréfi dags. 22. maí sl. en óskað er eftir sérstakri umsögn Umhverfisstofnunar um röskun á skógræktarsvæðinu.


Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir u.þ.b. 10 frístundalóðum á ofangreindu skógræktarsvæði. Skógræktarsvæðið er aðallega vaxið furu og greni en á neðsta hluta þess er lágvaxið náttúrulegt birkikjarr. Trjáræktin á svæðinu myndar ramma um lyngi vaxið svæði, þannig að mest er um trjágróður í jöðrum svæðisins. Umhverfisstofnun telur að fella megi frístundabyggðina að trjánnum á svæðinu og bendir á að mikilvægt er að halda sem mest af þeim gróðri sem fyrir er og raska honum sem minnst. Umhverfisstofnun bendir á að gert er ráð fyrir opnu svæði í tillögu að breyttu deiliskipulagi á stað þar sem lítið er um trjágróður og telur eðlilegra að tekið væri frá svæði til útivistar neðst á skipulagssvæðinu þar sem náttúrulegt birkikjarr er og hlífa því.


Ef á ofangreindu skógræktarsvæði er bændaskógur sem reistur hefur verið með styrk af almannafé er eðlilegast að þar verði útivistarsvæði. Í erindi lögfræðings landeigenda í Dagverðarnesi frá 1. apríl. sl. eru ekki upplýsingar um að um bændaskóg sé að ræða á ofangreindu svæði.

Samkvæmt upplýsingum frá lögfræðingi landeiganda Dagverðarness hefur Skógrækt ríkisins og Dagverðarnes ehf gert með sér samning þar sem Dagverðarnes ehf skuldbindur sig til þess að endurrækta með skógi land sem nemur 1,5 ha í landi jarðarinnar. Sú endurræktun kæmi í stað þess skógræktarsvæðis er raskað yrði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvar endurræktunin muni fara fram enda mikilvægt að náttúrulegum skógi verði ekki raskað

við þá ræktun. Umhverfisstofnun bendir á að útivistargildi Skorradalssvæðisins er mikið til komið vegna birkiskógarins og stofnunin minnir á að náttúrulegir birkiskógar þekja nú aðeins 1,2% af landinu eða um 1200 km<sup>2</sup>, sem er einungis um 5% af áætluðu flatarmáli þeirra við landnám. Stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun er að: *“forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands”*. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 39. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og hafa eftirlit með náttúrulegum skógum og skógum til útivistar. Einnig kemur fram í sömu grein að: „Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.“ Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að ekki komi til frekari skerðingar á birkikjarri/-skógi.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Kristín L. Árnadóttir  
Forstjóri

Ívar Pálsson lögfræðingur

